

Árbók bílgreina 2016

Hagtölur um
íslenskar bílgreinar



BÍLGREINASAMBANDIÐ



RANNSÓKNASETUR
VERSLUNARINNAR

ÁRBÓK BÍLGREINA 2016

Árbók bílgreina er fyrst og fremst ætluð þeim sem starfa innan bílgreina á Íslandi. Tilgangurinn er að veita þeim yfirlit yfir umhverfi greinarinnar og tölulegar upplýsingar sem fyrirtækin geta notað í ákvarðanatöku.

Árbók bílgreina 2016 - Hagtölur um íslenskar bílgreinar

Ritstjóri og ábyrgðamaður: Emil B. Karlsson

Texti og talnaefni: Pálmar Þorsteinsson

Hönnun kápu: Þorfinnur Sigurgeirsson

© 2016 Rannsóknasetur verslunarinnar og Bílgreinasamband Íslands
Óheimilt er að afrita efni úr bókinni nema heimildar sé getið.

Rannsóknasetur verslunarinnar og Bílgreinasamband Íslands
WWW.BGS.IS

Reykjavík, apríl 2016

Efnisyfirlit

1	<i>Umfang bílgreina</i>	1
1.1	<i>Hluttur bílgreina í landsframleiðslu eykst</i>	1
1.2	<i>Bílgreinafyrirtækjum fjölga um 8%</i>	2
1.3	<i>Gjaldþrotum fækka um þriðjung</i>	3
1.4	<i>Velta bílgreina jókst um 9%</i>	4
1.5	<i>7 milljarða vörugjöld af nýjum bifreiðum</i>	5
1.6	<i>Vörugjöld af eldsneyti aukast um milljarð</i>	5
1.7	<i>Innflutningur varahluta eykst um þriðjung</i>	6
1.8	<i>6,6 milljarðar í bifreiðagjöld</i>	7
1.9	<i>Innheimt gjöld vegna nýskráninga hækka um 45%</i>	7
1.10	<i>Umferðaröryggisgjöld voru 154 milljónir</i>	8
1.11	<i>Ökumenn greiða meiri vanrækslugjöld</i>	8
2	<i>Bílaflotinn</i>	9
2.1	<i>Hátt í sextán þúsund nýskráningar í fyrra</i>	9
2.2	<i>Hlutfallslega flestar nýskráningar á Norðurlandi eystra</i>	10
2.3	<i>Flestar nýjar bifreiðar eru gráar</i>	11
2.4	<i>Hægir á öldrun bílaflotans</i>	12
2.5	<i>Fleiri mæta seint í ástandsskoðun</i>	13
2.6	<i>Óhöppum fjölga</i>	13
2.7	<i>Eldsneytisverð lækkar áfram</i>	14
2.8	<i>Hlutfall endurnýtanlegra orkugjafa eykst stöðugt</i>	14
2.9	<i>Bílaflotinn losar aðeins um fjórðung heildarlosunar koltvísýrings</i>	15
3	<i>Starfsumhverfi bílgreina</i>	16
3.1	<i>Heildarlaun viðgerða- og sölufólks í bílgreinum 551 þús. kr.</i>	16
3.2	<i>3.600 manns starfa í bílgreinum</i>	18
3.3	<i>Nemendum í bílgreinum fækka</i>	18
4	<i>Aðildarfyrirtæki BGS</i>	20

Myndaskrá

1.1	Hlutur bílgreina í landsframleiðslu.	1
1.2	Fjöldi fyrirtækja í bílgreinum.	2
1.3	Breyting í fjölda bílgreinafyrirtækja frá fyrra ári.	3
1.4	Fjöldi gjaldþrota fyrirtækja í bílgreininni.	3
1.5	Heildarvelta fyrirtækja í bílgreinum á verðlagi ársins 2015.	4
1.6	Vörugjöld af innflutningi bifreiða.	5
1.7	Vörugjöld af bensíni og olíugjald.	5
1.8	Innflutningur á smurolíu, hjólbörðum og bílavarahlutum.	6
1.9	Innheimt bifreiða- og úrvinnslugjöld eftir árum.	7
1.10	Innheimt skráningargjöld eftir árum.	7
1.11	Innheimt umferðaröryggisgjald eftir árum.	8
1.12	Innheimt vanrækslugjald eftir árum.	8
2.1	Nýskráningar nýrra bifreiða.	9
2.2	Fjöldi nýskráðra fólksbifreiða á hverja 1.000 íbúa eftir landshlut- um.	10
2.3	Litagleði Íslendinga	11
2.4	Litasamsetning nýskráðra fólksbifreiða.	11
2.5	Aldursdreifing og meðalaldur bílaflotans.	12
2.6	Álagningar vanrækslugjalda.	13
2.7	Fjöldi umferðarslysa og óhappa á ári.	13
2.8	Próun eldsneytisverðs frá árinu 2002.	14
2.9	Eldsneytisnotkun bílaflotans.	15
2.10	Losun gróðurhúsalofttegunda (CO_2) eftir uppruna árið 2013.	15
3.1	Miðgildi reglulegra heildarlauna eftir starfsstétt og kyni árið 2014.	16
3.2	Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum í launakönn- un VR ásamt 25% og 75% mörkum.	17
3.3	Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum að raunvirði samkvæmt launakönnun VR.	17
3.4	Áætlaður fjöldi starfandi í bílgreinum.	18
3.5	Fjöldi nemenda í bílgreinum eftir árum.	19
3.6	Fjöldi lokinna sveinsprófa í bílgreinum.	19

Ávarp formanns



Kæru félagsmenn Bílgreinasambandsins,

Árbók bílgreina kemur nú út í þriðja sinn. Bókinni er ætlað að safna saman á einn vettvang efni sem tengist bílgreininni og er mikilvæg skýrsla sem styðjast má við, til dæmis í viðræðum við hagsmunaaðila, og einnig fyrir okkur sem störfum í bílgreininni til upplýsingar um hvert við stefnum hverju sinni. Félagsmönnum heldur áfram að fjölga og nú eru 133 fyrirtæki skráð í Bílgreinasambandið. Það er fjölgun um 7 fyrirtæki frá fyrra ári.

Miklar breytingar eiga sér stað í bílgreininni þessi misserin. Sjálfkeyrandi bílar, fleiri orkugjafar, aukin samskiptatækni og ný efni við bifreiðasmíði eru allt hlutir sem starfsfólk bílgreinarinnar og hagsmunaaðilar takast nú á við. Vegna þessa er menntun og fræðsla enn mikilvægari en áður og eitt af meginverkefnum Bílgreinasambandsins er að standa vörð um gæði kennslu og tryggja að frá bílgreinaskólum landsins komi góðir og vel undirbúnir nemendur til að takast á við framtíðarbílinn.

En skyldur fyrirtækjanna sjálfra í bílgreininni eru ekki minni. Fyrirtækin verða að sinna endurmenntun starfsmanna sinna vel því rannsóknir sýna að 50% af lærdri þekkingu fyrnist á þremur árum. Það er því nauðsynlegt fyrir stjórnendur fyrirtækja að huga stöðugt að endurmenntun sinna starfsmanna. Mikilvægt er að nýta þá valkosti sem í boði eru, hvort sem það er í gegnum framleiðendur bíla eða varahluta, bílaumboð, lðuna eða aðra þá kosti sem í boði eru. Skyldur bílaumboða og varahlutasala eru þarna ríkar, enda gegna þau fyrirtæki lykilhlutverki í að sækja nýja þekkingu til framleiðenda sem og að miðla þeirri þekkingu áfram til markaðarins.

Ég vil fyrir hönd stjórnar Bílgreinasambandsins þakka Rannsóknasetri verslunarinnar á Bifröst og ritnefnd fyrir góða vinnu við árbók bílgreina sem er mikilvægt tæki í síbreytilegum rekstri bílgreina. Hún er öflugt tæki fyrir stjórnendur í bílgreininni til að taka réttar og upplýstar ákvarðanir fyrir fyrirtæki sín.

Jón Trausti Ólafsson
Formaður Bílgreinasambandsins


1 Umfang bílgreina

1.1 Hluttur bílgreina í landsframleiðslu eykst

Hluttur bílgreina¹ í landsframleiðslu var um 1,5% árið 2015 og vex um 0,3 prósentustig frá fyrra ári. Til samanburðar var hluttur sjávarútvegs í fyrra 8,1% og hlutfall almenns iðnaðar, að frátalinni fiskvinnslu, 9,6%. Línuritið að neðan sýnir að hluttur bílgreina í landsframleiðslunni hefur vaxið mikið undanfarin ár er aftur að nálgast það stig þar sem það var hvað hæst árin 2004-2007. Hluttur bílgreina er einnig kominn upp fyrir langtímameðaltal árána 1997-2015 sem er 1,3%.

Þegar horft er á þær sveiflur sem bílgreinar hafa gengið í gegnum á undanförunum árum þarf að hafa í huga að bílgreinar samanstanda af undirflokkum bílgreina sem eru mis viðkvæmir fyrir breytingum í efnahagsumhverfinu. Sveiflur í þessum undirgreinum eru ekki alltaf í takti. Sem dæmi má nefna að sala vélknúinna ökutækja, sem er stærsti einstaki undirþáttur bílgreina, er næmari en aðrar greinar bílgreina fyrir breytingum í efnahagslífinu. Svo virðist sem sala vélknúinna ökutækja dragist mikið saman á krepputímum en blómstri þegar uppsveifla er í hagkerfinu. Sveiflur í viðgerðarþjónustu eru ekki jafn kraftmiklar og ganga gjarnan í gagnstæða átt þar sem fólk leitar meira í hana til að lengja líftíma ökutækja sinna þegar lægð er í hagkerfinu.

¹ Bílgreinar eru þær atvinnugreinar sem falla undir flokk 45 í atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar, ÍSAT2008. Til þeirra teljast meðal annars sala nýrra og notaðra bifreiða og vélhjóla ásamt viðhaldi, viðgerðum og sölu vara- og aukahluta.




Mynd 1.1: Hluttur bílgreina í landsframleiðslu. Heimild: Hagstofa Íslands.

Bílgreinafyrirtækjum fjölga um 8%

Í árslok 2015 voru skráð 893 bílgreinafyrirtæki í landinu. Árið áður voru þau 825 og því er 8% fjölgun fyrirtækja í greininni á milli ára. Eins og sést á mynd 1.2 starfar stærstur hluti þessara fyrirtækja við viðgerðir og viðhald, 567 eða 63% af heildarfjölda bílgreinafyrirtækja. Skráðar voru 200 bílasölur, 104 varahlutaverslanir og 22 sérsverslanir með vélhjól. Athygli vekur að fjölgun er í öllum flokkum öðrum en verslun með vélhjól en þar helst fjöldinn sá sama milli ára.

Frá árinu 2008 hefur fjöldi varahlutaverslana aukist um 40% og fjöldi verkstæða um 15%. Líkleg skýring á þessari þróun er sú að í bágu efnahagsástandi haldi fólk frekar að sér höndum varðandi kaup á bílum eða vélhjólum og freisti þess fremur að lengja líftíma bíla með góðu viðhaldi. Vöxtur bílgreina hefur verið nokkuð stöðugur undanfarið og svo virðist sem greinin sé smám saman að rétta úr kútnum eftir erfiða niðursveiflu í kjölfar efnahagshrunsins og að stöðugleiki sé að komast á í greininni.



Mynd 1.2: Fjöldi fyrirtækja í bílgreinum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Ef rýnt er í breytingu á fjölda bílgreinafyrirtækja eftir árum sést hvernig þær hafa verið hlutfallslega minni frá árinu 2010 en árin þar á undan. Þó að fyrirtækjum í bílgreinum hafi í heildina fjölgað flest árin fram til 2010 þarf þó að horfa til þess að gjaldþrot voru á sama tíma tíðari, mæld sem hlutfall af heildarfjölda bílgreinafyrirtækja, og endurnýjun því örari. Er þetta til merkis um að meiri stöðugleiki einkenni bílgreinar nú en áður og að rekstrarumhverfi bílgreinafyrirtækja sé betra.




Mynd 1.3: Breyting í fjölda bílgreinafyrirtækja frá fyrri ári. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.3

Gjaldprotum fækkar um þriðjung

Árið 2015 urðu 16 fyrirtæki í bílgreinum gjaldþrota sem er þriðjungs fækkun frá árinu 2014. Frá aldamótum hafa að meðaltali 24 fyrirtæki í bílgreinum orðið gjaldþrota á hverju ári og var fjöldinn á síðasta ári með því lágsta sem verið hefur á tímabilinu. Eins og sjá má á skýringarmynd hér að neðan hefur gjaldprotum í greininni fækkað stöðugt frá árinu 2011 þegar fjöldi gjaldþrota í greininni náði hámarki. Frá árinu 2000 hefur fjöldi gjaldþrota bílgreinafyrirtækja verið að meðaltali 3,2% af fjölda skráðra fyrirtækja í greininni á hverju ári. Árið 2015 var hlutfallið 1,8%. Gjaldprotum í greininni hefur því farið mjög fækkandi.



Mynd 1.4: Fjöldi gjaldþrota fyrirtækja í bílgreininni. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.4


Velta bílgreina jókst um 9%

Velta fyrirtækja í bílgreinum árið 2015 nam samanlagt 110 milljörðum kr. og jókst að raunvirði um 9% frá fyrra ári. Í krónum talið nam aukningin rúmum 10 milljörðum. Eins og sést hér að neðan hefur velta í greininni vaxið stöðugt frá því hruni sem varð árið 2009. Það ár dróst veltan saman um 50% frá fyrra ári. Frá þeim tíma hefur veltan meira en tvöfaldast í krónum talið (um 110%) en á föstu verðlagi ársins 2015 hefur hún aukist um 69%.

Veltan er nú að raunvirði orðin meiri en hún var árið 2004 en þrátt fyrir góðan bata í greininni vantar þó enn 60 milljarða upp á að hún nái met veltu ársins 2007. Það ber þó að hafa í huga að velta árunna 2005-2007 var töluvert meiri en í meðalári. Nærtakara er að nota veltu árunna upp úr aldamótum, á föstu verðlagi, sem samanburð en velta ársins 2015 var nokkuð meiri en meðaltal þeirra ára.

Stærsti hluti veltunnar er vegna sölu nýrra og notaðra bíla en hlutur þess flokks nemur um þremur fjórðu af heildarveltunni eða 98 milljörðum árið 2015. Um það bil fimmtungur eða 25 milljarðar var vegna viðgerða og viðhalds á ökutækjum og velta varahlutaverslana nam tæpum 9 milljörðum eða um 7% af heildarveltunni. Þá eru vélhjólaverslanir með hálfþ prósent af heildarveltu greinarinnar.


Mesti vöxturinn í veltu var í bílasölu eða 41% að raunvirði. Næst mest óx sala vélhjóla eða að raunvirði um 18%. Velta í viðgerðum og viðhaldi jókst um 15% og sala varahluta um 11%.



Mynd 1.5: Heildarvelta fyrirtækja í bílgreinum á verðlagi ársins 2015. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.5 7 milljarða vörugjöld af nýjum bifreiðum


Tekjur ríkisins af vörugjöldum vegna innflutnings nýrra bíla árið 2015 voru 7 milljarðar kr. og jukust um 42% frá fyrra ári. Þessi tekjuaukning endurspeglast í fjölgun nýrra bíla. Þó má geta þess að meðalupphæð vörugjalda á hvern nýskráðan bíl var 398 þúsund krónur árið 2015 en 411 þúsund árið áður. Lækkunin nemur því 3% á milli ára. Upphæð vörugjalds ræðst af skráðri losun koltvísýrings bifreiða, en breyting úr rúmtaksviðmiði vélar yfir í mengunarviðmið tók gildi í ársbyrjun 2011.



Mynd 1.6: Vörugjöld af innflutningi bifreiða.
Heimild: Fjármálaráðuneytið.

1.6 Vörugjöld af eldsneyti aukast um milljarð

Tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum á bensín ásamt olíugjaldi árið 2015 voru 20 milljarðar kr. og jukust um tæðan milljarð eða 950 millj. kr. frá fyrra ári. Vörugjöld á bensín voru 11,6 milljarðar kr. og olíugjald 7,5 milljarðar kr. Samtals hækkuðu þessi gjöld um 5% frá fyrra ári. Tekjur af olíugjaldi hækkaði hlutfallslega meira eða um 8% meðan innheimt vörugjöld af bensíni hækkuðu um 3%.




Mynd 1.7: Vörugjöld af bensíni og olíugjald.
Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Innflutningur varahluta eykst um þriðjung

Árið 2015 var heildarvirði innfluttra bílavarahluta 5,6 milljarðar króna, sem nemur 36% raunaukningu frá fyrra ári. Í krónum talið var aukningin tæpir 1,6 milljarðar króna. Verðmæti innfluttra hjólbarða á árinu nam 4 milljörðum króna samanborið við 3,4 milljarða í fyrra. Það gerir 15% aukningu að raunvirði frá fyrra ári. Heildarverðmæti innfluttrar smurolíu nam 1,6 milljörðum króna og var raunvirðið sem næst óbreytt frá fyrra ári.

Á meðan innflutningsverðmæti á smurolíu hefur, að raunvirði, dregist saman með hverju ári allt frá árinu 2009 hafa verið meiri sveiflur í innflutningi á varahlutum og hjólbörðum. Sala hjólbarða dróst verulega saman við efnahagshrunið, líkt og önnur smásala í andinu. Því kom að því, árið 2011, að landsmenn þurftu að endurnýja hjólbarðaflotann og árið 2014 var innflutningur aftur orðinn viðlíka því sem var á árunum fyrir hrun. Innflutningur á hjólbörðum á síðasta ári var 150% meiri en árið 2009 þegar innflutningurinn var sem minnstur.




Mynd 1.8: Innflutningur á smurolíu, hjól-
börðum og bílavarahlutum. Heimild:
Hagstofa Íslands.

1.8

6,6 milljarðar í bifreiðagjöld

Tekjur ríkisins af bifreiða- og úrvinnslugjöldum voru 6,6 milljarðar króna árið 2014 eða um 130 milljónum meiri en árið 2013. Leiðrétt fyrir verðlagsbreytingum hafa innheimt bifreiðagjöld verið svipað há allt frá árinu 2005. Þessi tekjustofn ríkisins hefur verið nokkuð stöðugur undanfarinn áratug, en innheimtan hefur verið í takti við bílæign landsmanna og almennt verðlag. Það sést til að mynda á því að fyrir 10 árum síðan voru meðal bifreiðagjöld á hvern bíl um 33.000 krónur á verðlagi ársins 2015.




Mynd 1.9: Innheimt bifreiða- og úrvinnslugjöld eftir árum. Heimild: Tollstjóri.

1.9

Innheimt gjöld vegna nýskráninga hækka um 45%

Skráningargjöld eigenda vegna nýskráninga bifreiða og eigendaskipta námu 316 milljónum króna árið 2015 en það er aukning upp á 47 milljónir króna eða 18% frá fyrra ári. Þar af voru nýskráningar 96 milljónir en eigendaskipti 220 milljónir. Töluvert meiri aukning, eða 45%, var í gjöldum vegna nýskráninga samanborið við 9% vegna eigendaskipta.




Mynd 1.10: Innheimt skráningargjöld eftir árum. Heimild: Samgöngustofa.

1.10

Umferðaröryggisgjöld voru 154 milljónir

Ríkissjóður hafði í tekjur 154 milljónir króna í umferðaröryggisgjöld á árinu 2015 sem er tæpum 5% meira en í fyrra. Gjaldið er innheimt við ástands-skoðun ökutækis, nýskráningu og eigendaskipti. Tekjurnar eiga að standa straum af fræðslu um umferðaröryggi. Tekjur af þessu gjaldi hafa hækkað á hverju ári frá árinu 2008, bæði vegna aukinna umsvifa í bílaviðskiptum og vegna hækkunar gjaldsins.




Mynd 1.11: Innheimt umferðaröryggisgjald eftir árum. Heimild: Samgöngustofa.

1.11

Ökumenn greiða meiri vanrækslugjöld

Innheimta vanrækslugjalda jókst töluvert á árinu 2015 eða um 46% frá árinu áður. Vanrækslugjöld eru lögð á þá bíleigendur sem sinna því ekki að færa bíla sína til ástandsskoðunar eða fara með þá of seint. Ökumenn hefðu því vel getað sleppt því að greiða þær 392 milljónir í vanrækslugjöld sem innheimt voru árið 2015. Óvenju lítið innheimtist af vanrækslugjöldum árið 2014 og því ekki gott að nota það ár til samanburðar. Ef meðaltal áranna þar á undan er þess í stað notað til viðmiðunar var aukningin á síðasta ári ekki jafn mikil eða 16%.




Mynd 1.12: Innheimt vanrækslugjald eftir árum. Heimild: Sýslumaðurinn á Vestfjörðum.

2 Bílaflotinn

2.1 Hátt í sextán þúsund nýskráningar í fyrra

Árið 2015 voru 15.605 nýjar bifreiðar nýskráðar hér á landi. Þar af voru 14.004 fólksbifreiðar og 1.601 atvinnubifreiðar. Það er 5.000 bifreiðum meira en í fyrra, eða hátt í 50% aukning á milli ára. Hluttur fólksbifreiða er umtalsvert stærri en hluttur atvinnubifreiða og um það bil 9 fólksbifreiðar eru nýskráðar fyrir hverja nýskráða atvinnubifreið. Þrátt fyrir það hefur hlutfall atvinnubifreiða af heildarfjölda nýskráninga farið vaxandi undanfarin ár.

Nýskráningum fólksbifreiða fjölgaði um 47% milli ára og nýskráningum atvinnubifreiða um 44%. Tæp helmingi aukning í nýskráningum bifreiða gefur vísendingar um það að nú sæti heimili og fyrirtæki lagi að endurnýja fararskjótann. Á undanförunum árum hafa þó bílaleigur átt drjúgan hluta þeirra bifreiða sem nýskráðar eru og er líklegt að svo verði áfram miðað við fyrirséðan vöxt ferðaþjónustunnar. Til viðbótar við nýjar bifreiðar voru nýskráðar notaðar bifreiðar á árinu 1.927 talsins.




Mynd 2.1: Nýskráningar nýrra bifreiða.
Heimild: Samgöngustofa.

2.2

Hlutfallslega flestar nýskráningar á Norðurlandi eystra

Eðli málsins samkvæmt voru flestar þeirra bifreiða sem nýskráðar voru á árinu 2015 skráðar á höfuðborgarsvæðinu, eða 9.496 bifreiðar. Ef fjöldi nýskráninga er hins vegar skoðaður með tilliti til íbúafjölda á mismunandi svæðum sést að fjöldi nýskráninga er hlutfallslega mestur á Norðurlandi eystra, þriðja árið í röð, eða 72 bifreiðar á hverja 1.000 íbúa. Hlutfallslega eru næstflestar nýskráningar á Suðurnesjum, 57 bifreiðar á hverja 1.000 íbúa, en höfuðborgarsvæðið fylgir fast á eftir með 45 nýskráningar á hverja 1.000 íbúa. Umtalsvert færri nýskráningar bifreiða eru á öðrum landsvæðum; Suðurlandi, Austurlandi, Norðurlandi vestra, Vestfirðum og Vesturlandi eða 14 bifreiðar að meðaltali.



Mynd 2.2: Fjöldi nýskráðra fólksbifreiða á hverja 1.000 íbúa eftir landshlutum. Heimild: Hagstofa Íslands og Samgöngustofa. Útreikningar: Rannsóknasetur verslunarinnar.



2.3

Flestar nýjar bifreiðar eru gráar

Á árinu 2015 voru flestar nýskráðar fólksbifreiðar gráar eða um 5.718 talsins. Það lætur nærri að vera helmingur af þeim 14.000 fólksbifreiðum sem voru nýskráðar það árið. Hér er þó ekki um neina tískubólu að ræða heldur hefur grár lengi verið langsamlega vinsælasti liturinn, þó nokkuð hafi dregið úr vinsældum hans undanfarin ár. Sá litur sem næst kemst gráum í vinsældum er hvítur en hann komst í náðina árið 2010 á kostnað svarts sem áður var í öðru sæti. Næstur á eftir hvítum er rauður, sem hefur unnið mikið á undanfarin ár, og því næst brúnn. Svartur og blár koma næstir en þeir voru báðir mun vinsælli á árum áður. Aðrir litir prýða samanlagt rétt 3-4% nýskráðra bifreiða.

Ekki virðist fara mikið fyrir litagleði Íslendinga þegar kemur að bílakaupum. Eingöngu 17% nýskráðra fólksbifreiða eru öðruvísi á litinn en gráar, svartar, hvítar eða brúnar. Athyglisvert er að þetta hlutfall féll mikið árin 2010 og 2011 en hefur smám saman farið vaxandi aftur. Íslendingar eru þó ekki einir á báti hvað skort á litagleði varðar því samkvæmt könnunum lakkframleiðenda er hlutfallið á heimsvísu 18-20%.

Mynd 2.3: Svo virðist vera sem að litagleði Íslendinga hafi minnkað árin 2010 og 2011 en sé smám saman að aukast á ný. Myndin sýnir hlutfall nýskráðra bifreiða sem ekki eru gráar, svartar, hvítar eða brúnar.




Mynd 2.4: Litasamsetning nýskráðra fólksbifreiða. Heimild: Samgöngustofa.

2.4

Hægir á öldrun bílaflotans

Við árslok 2015 var meðalaldur fólksbifreiða hér á landi 12,7 ár sem er sami meðalaldur og árið 2014. Það telst til tíðinda að meðalaldur bílaflotans skuli ekki hækka milli ára en hann hefur, frá árinu 2008, hækkað með hverju árinu. Er nú svo komið að íslenski bílaflotinn hefur aldrei verið eldri. Innflutningur og nýskráningar bifreiða hrundu árið 2009 og í kjölfarið var skortur á eðlilegri endurnýjun um nokkurra ára skeið. Með mikilli aukningu í endurnýjun síðustu tvö ár virðist sem tekist hafi að stöðva frekari öldrun bílaflotans. Bílaflotinn er þó enn gamall í alþjóðlegum samanburði sem er miður því eldri bifreiðar krefjast meira og dýrara viðhalds auk þess sem nýrri bifreiðar eru umhverfisvænni, með betri eldsneytisnýtingu og eru öruggari fyrir farþega.

Árið 2014 var hlutfall bifreiða fimm ára og yngri eingöngu 16% af bílaflotanum. Það hlutfall var jafnan á bilinu 30-40% fram til ársins 2009. Því er ljóst að mikil þörf hefur verið fyrir endurnýjun. Stærsti hluti bílaflotans, eða um þriðjungur hans, var á aldrinum 6-10 ára. Þar er um að ræða bíla sem fluttir voru inn á árunum 2004-2008. Næst flestar voru bifreiðar á aldursbilinu 11-15 ára en samanlagt var um 55% bílaflotans á þessum aldri.




Mynd 2.5: Aldursdreifing og meðalaldur bílaflotans. Heimild: Samgöngustofa.

Meðalaldur bifreiða á Íslandi er nokkuð hár í samanburði við nágrannalönd okkar. Árið 2011 voru bifreiðar á Íslandi að meðaltali þremur árum eldri en bifreiðar í Evrópusambandinu þar sem meðalaldur bifreiða var 8,6 ár. Samtök bílaiðnaðarins í Evrópu (ACEA) taka saman tölur um meðalaldur bifreiða í ýmsum Evrópulöndum ásamt því að reikna meðalaldur bifreiða í aðildarlöndum Evrópusambandsins. Af þeim löndum sem voru til skoðunar árið 2011 var bílaflotinn hér á landi sá þriðji elsti á eftir þeim eistneska og finnska.

2.5 Fleiri mæta seint í ástandsskoðun


Árið 2015 voru lögð vanrækslugjöld á eigendur 37.307 ökutækja sem ekki höfðu sinnt því að færa bifreiðar sínar til ástandsskoðunar innan þess tímaramma sem gefinn er. Álagningar voru 3.100 fleiri en í fyrra og fjölgaði því um 9% milli ára. Vanrækslugjaldið er 15.000 krónur en veittur er helmingss afsláttur ef gjaldið er greitt innan tiltekins tíma. Þar sem ærinn hvati er fyrir ökumenn að sinna skoðunarskyldu á tilsettum tíma vekur það athygli að álagningum skuli fjölga eins og raun ber vitni.



Mynd 2.6: Álagningar vanrækslugjalda.
Heimild: Sýslumaðurinn á Vestfirðum.

2.6 Óhöppum fjölgar

Skráð umferðaróhöpp á árinu 2015 voru 6.412 sem er 7% fjölgun frá árinu 2014. Flest óhöppin voru minniháttar eða án meiðsla en í tæpum 3% tilfella voru slysin flokkuð sem alvarleg eða sem banaslys. Flest óhöpp urðu í marsmánuði, en fæst í maí. Árið 2015 létust 16 einstaklingar í umferðarslysum en að jafnaði hafa um 14 manns látist í umferðarslysum á hverju ári á síðastliðnum áratug. Þó slysum fjölgi lítið eitt á milli ára er áberandi að umferðaróhöppum og -slysum hefur fækkað jafnt og þétt síðastliðin áratug. Það vekur sérstaka athygli, ekki síst í ljósi þess að með fjölgun ferðamanna hefur ökutækjum á vegum fjölgað til muna. Því virðist sem betur búin ökutæki, fræðsla um umferðaröryggi og bætt samgöngumannvirkni skili sér með þessum hætti.




Mynd 2.7: Fjöldi umferðarslysa og óhappa á ári. Heimild: Samgöngustofa.

2.7

Eldsneytisverð lækkar áfram

Verð á einum lítra af bensíni í sjálfsafgreiðslu var um 6% lægra í ársbyrjun 2016 en í ársbyrjun 2015 og verð á díselolíu 15% lægra. Þá var verð á bensíni 17% lægra árið 2015 en það var árið 2012 þegar það var sem hæst og dísel 21% lægra. Eldsneyti er líklega einn stærsti kostnaðarliðurinn við rekstur ökutækja og því er lækkun eldsneytisverðs mikil búbot fyrir bifreiðaeigendur. Eldsneytisverð ræðst helst af heimsmarkaðsverði á hráolíu sem hefur lækkað mikið á síðastliðnum árum en jafnframt hefur hagstætt og stöðugt gengi krónunnar átt þátt í lækkun útsöluverðs.



Mynd 2.8: Þróun eldsneytisverðs frá árinu 2002. Heimild: Hagstofa Íslands.

2.8

Hlutfall endurnýtanlegra orkugjafa eykst stöðugt

Helsti orkugjafi bifreiðafloata landans er jarðefnaeldsneyti. Á árinu 2014 brenndu landsmenn um 245 þúsund tonnum af því við akstur, eða um 750 kílógrömmum á hvern íbúa. Eldsneytisnotkun hefur þó dregist mikið saman frá árinu 2007 og þar geta ýmsar ástæður legið að baki. Ein skýringin er sú að bílafloinn verður sífellt sparneytnari og því nota landsmenn minna eldsneyti til að komast á milli staða en áður hefur verið. Þá má ekki gleyma því að notkun orkugjafa á borð við lífdísilolíu og metan eykst stöðugt þó hlutfall þeirra sé enn lítið í samaburðinum. Notkun annarra orkugjafa tvöfaldaðist árið 2014 frá því sem það var árið 2013 en var þrátt fyrir það eingöngu 2,5% af heildar orkunotkun. Athygli vekur að samdráttur hefur orðið í eldsneytisnotkun þrátt fyrir fjölgun ferðamanna sem margir hverjir ferðast um landið á bílaleigubílum eða í hópferðabílum.




Mynd 2.9: Eldsneytisnotkun bílaflotans.
Heimild: Orkustofnun.

2.9

Bílaflotinn losar aðeins um fjórðung heildarlosunar koltvísýrings

Bílafloiti landsmanna losar árlega hátt í 800 þúsund tonn af koltvísýringi í andrúmsloftið, auk annarra mengandi lofttegunda. Samkvæmt mati Umhverfisstofnunar var heildarkoltvísýringslosun Íslendinga um 3,3 milljónir tonna árið 2013 sem þýðir að hlutur bílaflotans var nærri 24%. Hlutfall bílaflotans í koltvísýringslosun landsmanna hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár. Af einstökum flokkum mengunarvalda munar mest um iðnað og orkuvinnslu sem losar rúm 58% alls koltvísýringsins.




Mynd 2.10: Losun gróðurhúsalofttegunda (CO₂) eftir uppruna árið 2013. Heimild: Orkustofnun.

3 Starfsumhverfi bílgreina


3.1 Heildarlaun viðgerða- og sölufólks í bílgreinum 551 þús. kr.

Engar opinberar tölur eru til um laun sundurgreind niður á þá sem starfa í bílgreinum. Starfsfólk bílgreinum vinnur margbreytileg störf á verkstæðum, sem sölumenn, skrifstofustörf og við stjórnun og rekstur. Árið 2014 var miðgildi reglulegra heildarlauna iðnaðarmanna 405 þúsund krónur sem var 4,7% hækkun frá fyrra ári. Laun iðnaðarmanna hækkuðu meira en laun óháð starfsstétt en að jafnaði hækkuðu laun um 2,3% og voru meðallaun 397 þúsund árið 2014, samanborið við 388 þúsund krónur árið 2013. Nokkur kynbundinn launamunur mælist í stétt iðnaðarmanna. Laun karla voru 7,4% hærri en laun kvenna eða 405 þúsund krónur á mánuði samanborið við 377 þúsund króna mánaðarlaun kvenna.




Mynd 3.1: Miðgildi reglulegra heildarlauna eftir starfsstétt og kyni árið 2014. Heimild: Hagstofa Íslands.

Laun stjórnenda eru hærri en laun annarra starfsstétta og voru að jafnaði 850 þúsund krónur á mánuði árið 2014. Laun þeirra hækkuðu um 4,3% frá árinu 2013. Í kjölfarið koma laun sérfræðinga, 665 þúsund krónur sem hækkuðu um 6,6% á milli ár. Starfsfólk í þjónustu og afgreiðslu hefur lægstu mánaðarlaunin eða 325 þúsund krónur á mánuði. Laun fyrir þjónustu- og afgreiðslustörf hækkuðu einnig minnst allra starfstétta eða um 1,2%.



Mynd 3.2: Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum í launakönnun VR ásamt 25% og 75% mörkum. Heimild: Launakönnun VR.

Launakönnun VR leiddi í ljós að heildarlaun starfsmanna við sölu og viðgerðir bifreiða voru 551 þúsund krónur á mánuði árið 2015 og hækka launin um 2,6% úr 537 þúsundum árið 2014. Helmingur starfsfólks við sölu og viðgerðir bifreiða hefur heildarlaun á bilinu 420 til 617 þúsund krónur á mánuði. Fjórdungur starfsfólks hefur laun undir 420 þúsundum og annar fjórdungur yfir 617.




Mynd 3.3: Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum að raunvirði samkvæmt launakönnun VR. Heimild: Launakönnun VR.

Séu launin leiðrétt fyrir verðlagsþróun sést að starfsfólk í sölu og viðgerðum bifreiða hefur notið aukins kaupmáttar frá ári til árs. Laun hækkuðu að raunvirði um 1% frá síðasta ári, um 4% á milli árunna 2013 og 2014 og um 3% á milli árunna 2012 og 2013. Raunvirði launa var í lágmarki árið 2010 en hefur hækkað um 15% síðan þá. Á síðasta áratug voru laun fólks í sölu og viðgerða bifreiða hæst árið 2006, eða tæpar 600 þúsund krónur á verðlagi dagsins í dag. Það er 8,8% hærra en launin í greininni eru núna.

3.2

3.600 manns starfa í bílgreinum

Áætlað er að árið 2015 hafi um 3.600 manns starfað í bílgreinum við viðhald, viðgerðir og sölu á ökutækjum. Það er 2% af heildarfjölda starfandi í landinu sem er svipað hlutfall og í fyrra. Talið er að starfandi í bílgreinum hafi fækkað um 200 manns milli ára. Mestur var fjöldi starfsmanna í bílgreinum árið 2008 þegar þeir voru 4.300 talsins og 2,4% af heildarfjölda starfandi. Fjöldinn fór minnst niður í 2.700 manns árið 2010 en hefur vaxið nokkuð undanfarin ár. Þeir sem starfa í bílgreinum unnu að jafnaði 44 klukkustundir á viku árið 2015 sem er tveimur klukkustundum meira en árið áður. Á sama tíma var meðalfjöldi vinnustunda um 40 stundir ef horft er á vinnumarkaðinn í heild sinni.




Mynd 3.4: Áætlaður fjöldi starfandi í bílgreinum. Heimild: Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands.

3.3

Nemendum í bílgreinum fækkar


Alls stunduðu 326 nemendur nám í bílgreinum í íslenskum framhaldsskólum árið 2013. Það voru heldur færri en árið áður þegar 369 nemendur lögðu stund á bílgreinanám. Fækkunin á milli ára nam 12%. Flestir nemendur voru skráðir í bifvélavirkjun, eða 162 manns. Næst flestir voru skráðir í grunnnám bíliðna, eða 105 manns en þar var þó hlutfallslega mest fækkun á milli ára eða 22%. Þá voru 31 manns sem námu bifreiðasmíði og 28 sem námu bílamálun. Þar sem grunnnám bíliðna er almennt fornám að iðngreinum í bílgreinum bendir fækkun grunnnema til þess að fækkun hafi orðið á nemendum í sérgreinum frá þeim tíma.

Þrátt fyrir fækkun nemenda árin 2012 og 2013 hefur ásókn í bílgreinar vaxið umfram aðrar greinar innan framhaldsskólanna. Ásókn í nám í bílgreinum var um 53% meiri árið 2013 en hún var árið 2001 á meðan aðsókn að framhaldsskólunum hefur í heildina aukist um 32%. Heldur hallar á konur í námi í bílgreinum en hlutur þeirra var 7% árið 2013 og hefur lítil breyting orðið á síðastliðnum árum.



Mynd 3.5: Fjöldi nemenda í bílgreinum eftir árum. Heimild: Hagstofa Íslands.

Árið 2015 luku 49 manns sveinsprófi í bílgreinum. Fjöldi útskrifaðra sveina í bílgreinum fellur nokkuð á milli ára en þó ber að hafa í huga að árið 2014 var metár. Flestir luku sveinsprófi í bifvélavirkjun eða 41 manns, næstflestir eða 5 manns luku sveinsprófi í bílamálun og 3 í bílasmíði. Undanfarin átta ár hafa að jafnaði 47 manns lokið sveinsprófum í bílgreinum. Þó heildarfjöldi sveinsprófa hafi á síðasta ári verið afar nærri meðalfjölda þá er þróun einstakra greina mjög mismunandi eftir árum.



Mynd 3.6: Fjöldi lokinna sveinsprófa í bílgreinum. Heimild: Íðan fræðslusetur.



4 Aðildarfyrirtæki BGS

Nafn

100 bílar ehf.
AB Skálinn Arnarstaðir ehf
Almenna bílaverkstæðið
Alp- Gák ehf.
Armur ehf.
B B Bílaréttingar ehf.
BB Bílasalan ehf.
Bernhard ehf
Betri bílar ehf.
BHS ehf.
Bifreiðasmiðja G & Ó
Bifreiðastillingin ehf.
Bifreiðaverkstæði Bjarna Sigurjóns
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins hf.
Bifreiðaverkstæði Björns P. ehf.
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf.
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf.
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf.
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf.
Bifreiðaverkstæði Mosfellsbæjar
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur
Bifreiðaverkstæði Sigursteins
Bílabúð Benna ehf.
Bílagerði ehf.
Bílahöllin-Bílayöðvörn hf.

Heimilisfang

Þverholti 6
Gagnheiði 11
Skeifunni 5
Skemmuvegi 20
Skeifunni 5
Viðarhöfða 6
Stórhöfða 26
Vatnagörðum 24
Skeifunni 5
Fossbrún 2
Funahöfða 3
Smiðjuvegi 40d
Laufásgötu 5
Fjölínsgötu 2a
Smiðjuvegi 40d
Hrísmýri 3
Akralind 9
Skemmuvegi 34
Smiðjuvegi 22
Skemmuvegi 46m
Flugumýri 2
Bæjarflöt 13
Selnesi 28
Vagnhöfða 23
Eyrarlandi 1
Bíldshöfða 5

Staður

270 Mosfellsbæ
800 Selfoss
108 Reykjavík
200 Kópavogur
108 Reykjavík
110 Reykjavík
110 Reykjavík
104 Reykjavík
108 Reykjavík
621 Dalvík
110 Reykjavík
200 Kópavogur
600 Akureyri
600 Akureyri
200 Kópavogur
800 Selfoss
200 Kópavogur
200 Kópavogur
270 Mosfellsbæ
112 Reykjavík
760 Breiðdalsvík
110 Reykjavík
530 Hvammstanga
110 Reykjavík

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
Bílaleiga Húsavíkur hf.	Garðarsbraut 66	640 Húsavík
Bílalind ehf.	Funahöfða 1	110 Reykjavík
Bílamálun Egilsstöðum ehf.	Fagradalsbraut 21-23	700 Egilsstöðum
Bílamálun Halldórs P. Nikulássonar	Funahöfða 3	110 Reykjavík
Bílamálun Pálmars ehf.	Vagnhöfða 20	110 Reykjavík
Bílaust ehf.	Dvergshöfða 2	110 Reykjavík
Bílarétting Beyja	Frotagötu 6b	603 Akureyri
Bílar Korputorgi ehf.	Blikastaðavegi 2-8	112 Reykjavík
Bílar og tjón ehf.	Skemmuvegi 44m	200 Kópavogur
Bílar og Vélar hf.	Hafnarbyggð 18	690 Vopnafirði
Bílasala Íslands	Skógarhlíð 10	105 Reykjavík
Bílasprautun Magga Jóns ehf.	Íðavellir 11	230 Reykjanesbæ
Bílasprautun og réttingar Varmi ehf.	Auðbrekku 14	200 Kópavogur
Bílaumboðið Askja ehf.	Krókhálsi 11	110 Reykjavík
Bílauppboð ehf.	Suðurhrauni 3	210 Garðabæ
Bílaverkstæðið Bragginn	Flötum 20	900 Vestmannaeyjum
Bílaverkstæðið Knastás	Skemmuvegi 4	200 Kópavogur
Bílaverkstæðið Pardus ehf.	Suðurbraut	565 Hofsós
Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf.	Rauðalæk	851 Hellu
Bílaverkstæðið smur og dekk ehf.	Aðalstræti 3	450 Patreksfirði
Bílaverkstæði Ella	Bygggördum 2b	170 Seltjarnarnesi
Bílaverkstæði Kjartans & Þorgeirs	Smiðjuvegi 48d	200 Kópavogur
Bílaverkstæði SB ehf.	Sindragötu 3	400 Ísafirði
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	700 Egilsstöðum
Bílaþjónustan Hellu ehf.	Dýnskálum 24	850 Hellu
Bílaþjónusta Péturs ehf.	Vallholti 17	800 Selfoss
Bílbót ehf.	Bolafæti 3	260 Reykjanesbæ
Bíley hf.	Leiruvogi 6	730 Fjarðabyggð
Bílfang ehf.	Malarhöfða 2	110 Reykjavík
Bílhúsið ehf.	Smiðjuvegi 60	200 Kópavogur
Bíljöfur ehf.	Smiðjuvegi 34	200 Kópavogur
Bílnet ehf.	Brekustíg 38	260 Reykjanesbæ
Bílrún ehf.	Borgarteig 7	550 Sauðárkrúkur
Bílsn ehf.	Kletthálsi 9	110 Reykjavík
Bílsverk B.Á. ehf.	Gagnheiði 3	800 Selfoss
Bílvogur hf.	Auðbrekku 17	200 Kópavogur
BL ehf.	Sævarhöfða 2	110 Reykjavík

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
Borgarbíll ehf.	Funahöfða 1	110 Reykjavík
BRA ehf.	Nýbýlavegi 10	200 Kópavogur
Bretti réttingarverkstæði	Smiðjuvegi 4d	200 Kópavogur
Brimborg	Bíldshöfða 6	110 Reykjavík
BSA hf.	Laufásgötu 9	600 Akureyri
Carbon Recycling International	Borgartúni 27	105 Reykjavík
Car-Med ehf.	Dalvegi 24	200 Kópavogur
Car-X	Njarðarnes 8	603 Akureyri
Dekk og smur hf.	Nesvegi 5	340 Stykkishólmi
E.T. hf.	Klettagörðum 11	104 Reykjavík
Framrás ehf.	Smiðjuvegi 17	870 Vík
Frumherji hf.	Hesthálsi 6 - 8	110 Reykjavík
GBÁ ehf. / Bill.is	Malarhöfða 2	110 Reykjavík
G.B Tjónaviðgerðir	Draghálsi 8	110 Reykjavík
GE bílar ehf.	Bolafæti 1	260 Reykjanesbæ
Glitur ehf.	Suðurlandsbraut 16	108 Reykjavík
Hekla	Laugavegi 170 - 174	105 Reykjavík
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns	Hátúni 2a	105 Reykjavík
Höfðahöllin ehf.	Funahöfða 1	110 Reykjavík
Höldur ehf.	Tryggvabraut 12	602 Akureyri
Kar ehf. Bílasprautun og réttingar	Bæjarflöt 10	112 Reykjavík
Kaupfélag Skagfirðinga	Hesteyri 2	550 Sauðárkrókur
Kraftbílar ehf.	Draupnisgötu 6	603 Akureyri
Kraftur hf.	Vagnhöfða 1 - 3	110 Reykjavík
Kvikk þjónustan	Vagnhöfða 5	112 Reykjavík
Laghentir ehf.	Bolafæti 1	260 Reykjanesbæ
Lakkhúsið ehf.	Smiðjuvegi 48d	200 Kópavogur
Lakkskemman ehf.	Skemmuvegi 30	200 Kópavogur
Litla Bílasalan ehf.	Eirhöfða 11	110 Reykjavík
Málningarvörur ehf.	Lágmúli 9	108 Reykjavík
MB bílar	Kletthálsi 1a	110 Reykjavík
N1	Langatanga 1	270 Mosfellsbæ
Neyðarþjónustan ehf.	Skútuvogi 11	104 Reykjavík
Nýja Bílahöllin ehf.	Eirhöfða 11	110 Reykjavík
Nýsprautun ehf.	Njarðarbraut 15	260 Reykjanesbæ
Plastver ehf.	Drangahrauni 6	220 Hafnarfjörður
Pústþjónusta BJB ehf.	Flatahrauni 7	220 Hafnarfjörður

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
Réttingarverk ehf.	Hamarshöfða 10	110 Reykjavík
Réttingarverkstæði Bjarna og Gunnars ehf.	Bíldshöfða 14	110 Reykjavík
Réttingarverkstæði Hjartar	Smiðjuvegi 56	200 Kópavogur
Réttingarverkstæði Jóns B ehf.	Flugumýri 2	270 Mosfellsbæ
Réttingarverkstæði Sveins ehf.	Eyrargötu 11	740 Fjarðabyggð
Réttingarverkstæði Pórarins	Grettisgötu 105	101 Reykjavík
Réttingarþjónustan	Smiðjuvegi 40d	200 Kópavogur
Rétt sprautun ehf.	Smiðjuvöllum 6	260 Reykjanesbæ
Rótor ehf.	Helluhrauni 4	220 Hafnarfjörður
Ryðvörn Þórðar ehf.	Funahöfða 15	110 Reykjavík
Röndin ehf.	Röndinni 5	670 Kópaskeri
S.B.J. Réttingar ehf.	Kaplahrauni 12	220 Hafnarfjörður
Skeljungur hf.	Laugavegi 180	105 Reykjavík
Smur- og hjólbarðapjónustan ehf.	Vatnsvegi 16	230 Reykjanesbæ
Smurstöðin Fosshálsi 1	Fosshálsi 1	110 Reykjavík
Sprautu- og bifreiðaverkstæði Borgarness sf.	Sólbakka 5	310 Borgarnesi
SS bílar ehf.	Kletthálsi 2	110 Reykjavík
Stilling hf.	Kletthálsi 5	110 Reykjavík
Suzuki bílar hf.	Skeifunni 17	108 Reykjavík
Tékkland bifreiðaskoðun	Borgartúni 24	105 Reykjavík
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	603 Akureyri
Toyota Kaupþúni	Kaupþúni 6	210 Garðabæ
Transporter ehf.	Kletthálsi 15	110 Reykjavík
Varahlutaverslunin Kistufell hf.	Brautarholti 16	105 Reykjavík
Vegagerðin	Borgartúni 7	105 Reykjavík
Vélabær hf.	Bæ, Andakíl	311 Borgarnesi
Vélaverkstæðið Kistufell ehf.	Tangarhöfða 13	110 Reykjavík
Vélaverkstæði Hjartar Eiríks	Brekkugötu 8	530 Hvammstanga
Vélsmiðja Grindavíkur	Seljabót 3	240 Grindavík
Vélsmiðja Hornafjarðar	Álaugarvegi 2	780 Höfn
Víkurós ehf.	Bæjarflöt 6	112 Reykjavík
Víkurvagnar ehf.	Hyrjarhöfði 8	110 Reykjavík
Ökumælar ehf.	Viðarhöfða 6	110 Reykjavík

- Aukinn stöðugleiki og batnandi rekstrarumhverfi ríkir í bílgreinum. Vöxtur var í greininni á árinu 2015, en fyrirtækjum í henni fjölgaði um 8% á milli ára.
- Velta bílgreina árið 2015 jókst um 9% frá fyrra ári og var 110 milljarðar króna.
- Tekjur ríkisins af vörugjöldum á innfluttar bifreiðar jukust um 42% á milli ára.
- Skráningargjöld vegna nýskráninga hækka um 45% frá síðasta ári.
- Bílavarahlutir voru fluttir inn til landsins að andvirði 11,3 milljarða króna.
- Fjöldi nýskráðra bifreiða var tæplega 16.000 árið 2015.
- Hlutfallslega fóru flestir þessara bíla á Norðurland eystra en þar voru nýskráðar 72 bifreiðar á hverju 1.000 íbúa.
- Grár heldur velli sem vinsælasti liturinn á nýjum bifreiðum. Litagleði landsmanna er lítil þegar kemur að bílalakki.
- Það hægir á öldrun bílaflotans en meðalaldurinn var 12,7 ár í fyrra og var hann sá þriðji elsti í könnun Evrópusamtaka bílgreina árið 2011.
- Álagning vanrækslugjalda jókst um 9% á milli ára. Gjöld voru lögð á eigendur tæplega 40.000 bifreiða.
- Flest umferðaróhöpp urðu í mars, en fæst í maí. Fleiri dauðsföll voru í umferðinni árið 2015 en 2014.
- Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa var 2,5% af heildareldsneytisnotkun bílaflotans á síðasta ári og hefur aldrei verið hærra.
- Eldsneytisverð var 6% lægra í ársbyrjun 2016 en á sama tíma 2015.
- Samkvæmt launakönnun VR voru heildarlaun starfsmanna við sölu og viðgerðir bifreiða 551 þúsund krónur árið 2015 samanborið við 537 þúsund krónur árið á undan.
- Nokkuð hallar á konur í greininni, en hlutfall kvenna í námi í bílgreinum var um 7%.



BÍLGREINASAMBANDIÐ